

ⓘ Athugið þessi frétt er meira en mánaðargömul.

Betra væri að fá peningana úr öðru en spilakössum

🕒 26.11.2019 - 21:13



Mynd: Skjáskot / RÚV

„Það væri miklu betra að fá peningana annars staðar en það er nauðsynlegt að meðhöndla þetta vandamál,“ sagði Valgerður Rúnarsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá SÁÁ, í Kastljósi í kvöld. Þar var spilavandi til umræðu. SÁÁ hjálpar fólki sem glímir við spilavanda að takast á við fíkn sína en fær einnig hluta tekna sinna frá Íslandsspilum. Það fyrirtæki starfrækir spilakassa sem stór hluti þeirra sem glíma við spilavanda sækir í.

• [Kastljós kvöldsins í heild sinni](#)

Happdrætti Háskóla Íslands, Rauði krossinn, SÁÁ og Landsbjörg fá hundruð milljóna á ári úr spilakössunum. „Þið bjóðið upp á meðferðina og hagnist að einhverju leyti á spilakössunum. Það eru þversagnir í þessu,“ sagði Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, umsjónarmaður Kastljóss, í lok umræðunnar. Valgerður sagði þá að miklu betra væri ef SÁÁ fengi peningana annars staðar að en úr rekstri spilakassa. Hún sagði að það væri einkennilegt að í samningum SÁÁ við Sjúkratryggingar Íslands væri ákvæði um að peningar úr spilakössum ættu að koma inn í rekstur sjúkrahússins Vogs.

Samkvæmt tölum frá 2017 höfðu 67 prósent þeirra sem glímdu við spilavanda spilað í spilakössum næstu tólf mánuði á undan. Aðeins fimm prósent þeirra sem ekki glíma við spilavanda höfðu spilað í slíkum kössum.

Vill takast á við vandann með spilakortum

Daníel Þór Ólason, prófessor í sálfræði, tók einnig þátt í umræðunum. Hann mælti með því að taka upp spilakort eins og Norðmenn nota. Nú er ekki hægt að taka þátt í peningaspilum, öðrum en veðreiðum, öðruvísi en svo að nota spilakort.

„Það gefur þér yfirsýn yfir það hvað þú ert að eyða miklu, hversu oft þú fórst að spila og hversu lengi þú spilaðir í hvert sinn. Í annan stað gefur það möguleika á stjórn, annars vegar með því að þú setur þér sjálfur mörk um hversu miklu þú vilt eyða. Þessum mörkum getur þú ekki breytt fyrirvaralaust. Það líður einhver tími áður en þú þarft að breyta mörkunum eða mörkin eru sett fyrir þig, eins og í Noregi,“ sagði Daníel Þór. „Að sjálfsögðu er hægt að innleiða slíkt hér á landi. Það er hægt ef viljinn er fyrir hendi og ég myndi leggja það til.“

Brynjólfur Þór Guðmundsson
Fréttastofa RÚV

[✉ Senda skilaboð](#)

Aðrar fréttir